

Ágætu aðalfundarmenn og gestir

Á aðalfundi er við hæfi að rifja upp það helsta sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir á síðustu árum og varðar hagsmuni og rekstrarumhverfi aðildarfyrirtækja Samtaka Fjármálafyrirtækja, og eins er tímabært að nefna eitt og annað sem kann að vera framundan á sviði samtakanna.

Fyrst vil ég nota tækifærið og óska nýjum sameinuðum samtökum heilla og lýsa því yfir að viðskiptaráðuneytið mun héðan í frá sem hingað til kappkosta að eiga sem best samstarf við samtökin. Innan þessara samtaka er að finna helstu þátttakendur í þeirri glæsilegu útrás sem íslensk athafnaskáld hafa staðið fyrir að undanfögnu og hefur í raun sett Ísland á landakort heimsins. Í þessum samtökum er að finna fyrirtæki sem vaxið hafa með ótrúlegum hraða á síðustu árum og margfaldað virði sitt. Og síðast en ekki síst er að finna innan aðildarfyrirtækja samtakanna þann auð sem við munum byggja framtíð þjóðarinnar á, þ.e.a.s. mannauðinn, vel menntað ungt fólk, konur og karla full af öflugum metnaði og starfsvilja og sigurvissu.

Á undanfögnu árum hefur mikið gerst á fjármálamarkaði hérlendis. Og sjálfur er íslenski fjármálamarkaðurinn enn á barnsaldri ef miðað er við árafjöldann. Einkavæðingu ríkisviðskiptabankanna lauk árið 2003 og nokkru áður var lokið við að selja hlut ríkissins í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Er ríkið nú horfið frá eignar- og stjórnarafskiptum af bankastarfsemi. Ríkið er nú aðeins lítill þátttakandi á váttryggingamarkaði gegnum eignarhald sitt á Viðlagatryggingu Íslands, en áfram er ríkisvaldið virkur þátttakandi á íbúðalánamarkaði með eignarhaldi á Íbúðalánasjóði. En markaðshlutdeild á fasteignalánamarkaði er alltönnur en var fyrir aðeins fáum árum.

Samfara þessum breytingum hefur vöxtur bankakerfisins verið ótrúlegur, sem sést best á því að heildareignir þess námu um 120% af vergri þjóðarframleiðslu árið 2001 en í fyrra var hlutfall þetta komið upp í um 500%.

Athugun sýnir að viðskiptaráðuneytið hefur komið að mörgum málum sem varða hagsmunasvið Samtaka Fjármálafyrirtækja á síðustu mánuðum og misserum.

Sett hafa verið ný heildarlög um váttryggingarsamninga, ný lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, svo ekki sé minnst á öll þau nýmæli og breytingar sem innleidd hafa verið í samræmi við skuldbindingar Íslands gagnvart EES-samningnum og

varða rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækja. Í allflestum tilvikum hafa fulltrúar frá fyrri samtökum fyrirtækja á fjármálamörkuðum komið að undirbúningi lagasetningar og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka framlag þeirra.

Auðvitað hefur ekki alltaf verið alger samhljómur á milli fulltrúa markaðarins og fulltrúa stjórnvalda við undirbúning frumvarpa. Vil ég einkum nú geta tveggja frumvarpa sem orðið hafa að lögum þar sem ágreiningur var. Hið fyrra eru lög um váttryggingarsamninga en í þeim töldu fulltrúar markaðarins of langt gengið í neytendavernd og að of þungar byrðar yrðu lagðar á váttryggjendur. Við þinglega meðferð málsins var komið til móts við sjónarmið markaðarins að eins miklu leyti og unnt var án þess að raska meginefni frumvarpsins og er það skoðun mín að niðurstaðan sé ásættanleg fyrir aðila, þ.e. neytendur og váttryggingafélög.

Hið síðara eru nýsamþykkt lög um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði. Í því tilviki var um að ræða niðurstöðu starfs sem forsætisráðuneytið leiddi og töldu sérfræðingar viðskiptaráðuneytisins sig ekki hafa heimildir til að víkja verulega frá niðurstöðum þess starfs. Því var að þeirra mati ekki tilefni til að setja á laggirnar sérstaka vinnunefnd með fulltrúum markaðarins á síðara stigi undirbúnings. Málið var engu að síður kynnt markaðinum og aðilum gefinn kostur á að gera athugasemdir. Var reynt að taka tillit til þeirra eins og kostur var.

Ég taldi rétt að geta um þessi tvenn lög þar sem líklegt er að þau eða mál tengd þeim komi til umræðu á þessum aðalfundi.

Framundan er að ljúka tveimur málum sem til umfjöllunar hafa verið í ráðuneytinu í vetur en ekki tókst að ljúka á síðasta þingi. Annars vegar eru það ný heildarlög um verðbréfavíðskipti sem eru innleiðing svokallaðrar MiFID tilskipunar Evrópusambandsins – eða tilskipunar þess um fjármálamarkaðina - og hins vegar lög um varin skuldabréf sem einnig hafa verið nefnd “sérvarin” skuldabréf. Var vinnu við frumvörp þessi ekki lokið fyrr en svo seint að ekki tókst að mæla fyrir þeim á vorþinginu.

Ráðuneytið hefur sent hagsmunaaðilum erindi og vakið athygli þeirra á þessum frumvörpum. Tilgangurinn er sá að gefa hagsmunaaðilum kost á að tjá sig um efni þeirra og geta lokið yfirferð yfir innkomnar ábendingar í sumar. Þannig ætti að vera unnt að mæla fyrir þeim strax í þingbyrjun á komanda hausti, ef vilji stjórnvalda þá stendur til slíks.

Á síðastliðnu ári lauk sérstök nefnd umfjöllun um alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi. Skýrsla nefndarinnar er stórfróðleg og efnismikil. Þar er að finna margar mjög athyglisverðar tillögur og ábendingar. Ríkisstjórnin hefur fjallað um skýrsluna og tekið ýmsar ábendingar þar til nánari skoðunar og eru þær enn í umfjöllun á vegum ráðuneytanna, einkum forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis.

Það er samdóma álit margra þeirra sem fjallað hafa um skýrslu nefndarinnar að hún geymi tillögur og ábendingar sem unnið verður að og unnið verður úr á komandi árum. Innan núverandi ríkisstjórnar hefur verið og er mikill áhugi á þeim sjónarmiðum sem nefndin um alþjóðlega fjármálastarfsemi birtir í skýrslu sinni. Ég er sannfærður um það að þetta nefndarstarf mun skila miklum og góðum árangri, jafnvel þótt nokkur tími kunni að þurfa að líða áður en menn almennt gera sér fulla grein fyrir því hve mikil framsýni birtist í skýrslu og tillögum nefndarinnar.

Fjármálageirinn hefur tekið miklum stakkaskiptum á Íslandi á undraskömmum tíma. Árangur starfsmanna og forystumanna hefur verið með ólíkindum og varpað glæsilegum bjarma yfir sviðið. Fjármálageirinn er orðinn ein helsta undirstaða velsældar og framfara á Íslandi. Hann býður mörgum starfsmönnum sínum góð laun og spennandi viðfangsefni. Ný atvinnusvið hafa opnast hérlendis sem áður voru aðeins kunn af frásögnum frá öðrum löndum. Þannig mannast Íslendingurinn á heimsins hátt og þannig er lagt upp í nýjar víkingaferðir héðan.

Einu sinni spurði Nóbelskaldið í útvarpserindi sem svo: Hvað hefði Egill Skallagrímsson sagt um þetta? Egill kunni vel að meta veraldlegan auð á sinni tíð. Á því leikur varla vafi að sá gamli höfðingi og útrásarvíkingur mun slá við glotti sínu ef og þegar hann fylgist með fjármálavíkingum nútímans.

Þjóðin er stolt af þessum mikla árangri, og hún nýtur þess sem flutt er hingað heim, áþreifanlegt og óáþreifanlegt í þessum mikla feng. Ég óska íslenskum fjármálafyrirtækjum og samtökum þeirra velfarnaðar og áframhaldandi útrásar og árangurs.